

Pæju-peysa

STÆRÐ	S/M
Yfirvídd:	94 cm
Lengd á bol að handvegi:	30 cm
Ermalengd að handvegi:	48 cm

EFNI

Álafosslopi – 100 gr dokkur

Ath að grunnliturinn í peysunni á myndinni er ekki lengur framleiddur!

A – 0867 eða 0053 mórauður	5
B – 0051 hvítur	1
C – 0059 svartur	1



Hringprjónar nr 5½, 40 og 80 cm
Sokkprjónar nr 4½

PRJÓNFESTA

10 x 10 cm = 13 L og 18 umf slétt prjón á prjóna nr 5½. Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

AÐFERÐ

Bolur og ermar eru prjónuð í hring. Við handveg eru lykkjur af ermum og bol sameinaðar á einn prjón og axlastykki prjónað í hring. Umferð byrjar í vinstri hlið á bol en á axlarstykki byrjar umferð á samskeytum bols og ermar, vinstra megin á baki. Kantur neðan á bol og ermum er prjónaður með perluprjóni:

1. umf: *1 L sl, 1 L br*

2. umf: Prjónið slétt í brugðnar lykkjur, og brugðið í sléttar lykkjur.

Endurtakið þessar 2 umferðir.

Auðvelt er að stækka peysuna (víkka yfirviddina) um 6 cm með því að bæta við einu munstri (8 lykkjum) í bol án þess að fjölga lykkjum á ermum.

BOLUR

Fitjið upp 120 L með lit A á hringprjón nr 5½. Tengjið saman í hring og prj 4 umf perluprjón (sjá aðferð). Prj síðan slétt þar til bolur mælist 30 cm frá uppfitjun. Prj ekki síðustu 5 L í síðustu umf. Geymið bol og prjónið ermar.

ERMAR

Fitjið upp 52 L með lit A á prjóna nr 5½. Tengjið saman í hring og prj 4 umf perluprjón. Setjið merki við síðustu L í umf (úrtökur og útaukningar eru gerðar sitthvorum megin við þessa lykkju). Prj sl og takið úr 1 L í byrjun og enda umf og síðan í 5. hverri umf, alls 7 sinnum => 38 L. Prj 6 umf og aukið síðan út 1 L í byrjun og enda umf og síðan í 6. hverri umf alls 8 sinnum => 54 L. Setjið 9 L undir miðri ermi á hjálparnælu/band => 45 L. Prj seinni ermi á sama hátt.

AXLASTYKKI

Sameinið lykkjur af bol og ermum þannig: Setjið síðustu 9 L af bol á hjálparnælu/band (5 síðustu og 4 fyrstu L í umf). Prj fyrri ermi við 45 L. Prj 51

L af bol (framstykki). Setjið næstu 9 L á hjálparnælu/band, þrj seinni ermi við 45 L og þrj að lokum 51) L af bol (bakstykki) => 192 L. Þrj **munstur** og takið úr eins og sýnt er á teikningu. Skiptið yfir á styttri hringþrjón þegar lykkjum fækkar. Þegar munstri lýkur eru eftir => 72 L. Skiptið yfir á þrj nr 4 ½ og þrj kraga með perluprjóni, 4 cm. Fellið laust af.

FRÁGANGUR

Gangið frá endum og lykkið saman undir ermum. Skolið úr peysunni og leggið til þerris.

Hönnun: Rebekka Kristjánsdóttir

Munstur

